

Fundargerð



1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Flóaljós – Lagning á ljósleiðara
1.2. **Dagsetning:** 31. október 2018 **Fundartími:** 13:00
1.3. **Staður:** Þingborg
1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson
1.5. **Mættir:** Sævar Eiríksson (SE), Guðmundur Daníelsson (GD), Sigurjón Hallvarðsson (SH), Sævar Geir Hallvarðsson (SGH), Hörður Davíðsson (HD), Böðvar Pétursson (BP), Bjarki Hallvarðsson (BH)

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Farið var yfir útistandandi mál síðasta fundar, þau eru afgreidd.
- Bætt verður við brunni við Laugadælur og tilfærsla heimtauga í samræmi við það. Rætt um plægingu og gröft einkum við heimtuagar. GD lagði áherslu á að verkefnið væri plægingaverk og haga bæri verklagi í samræmi við það, þ.e. allt sem hægt er að plægja alla jafna í sambærilegum verkefnum yrði plægt, annað grafið í samræmi við útboðsgögn og það sem þar segir. SH óskaði eftir að fá rúmbetri brunn til að setja við Þingborg enda fyrirséð að mikið magn af streng verður í þeim brunni. Ákveðið að fá brunna frá Borgarplasti til verksins. GD útvegar. Farið var yfir áfanga 1. Verklegar framkvæmdir þokast áfram og stefnt er að því að verkáföngum 1 og 2 verði lokið árið 2018.
- Næsti áfangi er áfangi 2. Farið var lauslega yfir þann áfanga og hann kynntur verktökum.
- Undir liðnum önnur mál var aftur rætt um gröft og plægingu. SE útskýrði málið á þann hátt að allt sem plægt er, hvort sem það er með jarðýtu, gröfu eða öðrum tækjum teldist plæging. Þar sem ekki er hægt að koma plægingu við og þar með grafið í samræmi við útboðsgögn og skurður myndast telst til grafrar.
- Önnur mál ekki rædd.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD útvegar brunna frá Borgarplast og sendir verktaka.